



Fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Fundartímar skólaráðs
 - a. Stefnt að því að hafa þrjá fundi fram til áramóta, u.þ.b. sex vikur munu líða á milli funda. Fundir verða á mánudögum kl. 14:30.
2. Fulltrúi úr grenndarsamfélagi í skólaráði
 - a. Lögum samkvæmt á að vera einn fulltrúi úr grenndarsamfélagi í skólaráði, skólaráð velur þann fulltrúa. Við prófum að auglýsa eftir fulltrúa í gegnum hverfisnefnd Oddeyrar, Anna gerir það. Anna hefur líka verið í sambandi við fólk í hverfisnefnd vegna úrbóta almennt í hverfinu, við skólalóð og leikskólalóð.
 - b. Anna ætlar að heyra í umsjónarmanni fasteigna og biðja um að sandkassinn sé tekinn af skólalóðinni vegna þess hve mikill óþrifnaður er af honum. Hugsanlega þarf að setja nýjan sandkassa.
3. [Starfsáætlun Oddeyrarskóla](#) -
 - a. Óskað eftir athugasemdum. Arney benti á að netföng þurfi að vera virk. Að netföng sem gefin eru upp séu pottþétt í notkun.
 - b. Anna renndi aðeins yfir skipulag og inntak kennslu, bekkjarnámskrár. Þar þarf að laga ártöl þar.
 - c. Setja þarf inn fulltrúa foreldra í bekkjarráði inn í starfsáætlun. Einnig þarf að laga tengil inn í starfsáætlun vegna reglna um símanotkun.
 - d. Arney spurði um þemavikuna sem nemendaráð skipuleggur, hvort hægt er að setja hana inn á skóladagatal.
 - e. Varðandi síma: umræður um hvort á að banna síma alfarið. Sjónarmið nemenda eru þau að þetta skipti ekki endilega máli, ef símar væru bannaðir þá myndi kannski hreyfing aukast en samskipti lítið breytast. Þau myndu frekar fara í salinn að leika sér eða út. Nemendur í skólaráði telja ekki að krakkar séu almennt að stelast í símana sína í tímum og þau taki því vel þegar þeim er bannað að nota síma. Anna hefur mestar



Fundargerð

áhyggjur af því að myndatökur geti valdið vandræðum. Þetta hefur verið rætt á bekkjarfundum og þar ákveðið að aldrei séu birtar eða sendar myndir nema allir gefi leyfi sem eru á myndinni.

4. [Reglutafla](#) yfirfarin -

- a. Anna fór aðeins yfir nýja reglutöflu. Allir eiga að vera komnir með nýja töflu og sértöflu fyrir hvert svæði. Reglutaflan verður svo prentuð í stærra broti til að hengja upp í skólanum. Reglurnar þarf að fara yfir og kenna á hverju ári, rifja upp og æfa. Verið er að ljúka þeirri vinnu núna. Hekla talar um að snagar séu oft fullir og erfitt að ganga vel um og hengja alla íþróttapoka upp. Nemendur velta upp hugmyndinni hvort hægt er að setja upp einhver hólfa eða skápa til að geyma dót.
- b. Anna ræddi aðeins um að við þurfum merkingar við skólalóð sem gefa til kynna hvar má aka inn á skólalóð og hvar ekki. Foreldrar aka stundum inn á skólalóðina. Arney benti á að oft hefur komið póstur frá skólanum þar sem bent er á þetta.
- c. Hekla spyr um ferðir nemenda í Hagkaup. Nemendur þurfa að fá leyfi en það virðist ekki alltaf ganga eftir að þeir geri það. Krakkarnir í bekkum voru að spá í hvort hægt væri að skrá sig á tússtöflu þegar þeir fara. Fjola bendir á að þetta þurfi að ræða á bekkjarfundum og við foreldra. Þetta sé kostnaðarsamt og ekki skynsamlegt. Sissa nefnir að kannski þurfi að ræða breytingar á reglum um ferðir í Hagkaup. Málið verður rætt á bekkjarfundum.

5. Úttekt á skólahúsnæði í sumar.

Anna gerði grein fyrir þessari úttekt. Tekin voru loft- og snertisýni víða um skólann. Heilt yfir kom skólinn vel út úr þessari úttekt. Gerðar voru nokkrar athugasemdir en ekkert yfir hættumörkum. Búið er að gera ráðstafanir til að bregðast við öllu því sem gerðar voru athugasemdir við. Skólastarf var aldrei í hættu vegna þessara athugasemda. Umræðan í kjölfarið á þessum aðgerðum



Fundargerð

sneri svo að almennum þrifum og því hvað er sett inn í kennslustofur, hversu mikið af pappír, bókum og slíku efni.

- a. Fulltrúi foreldra spurði um veikindi starfsmanna vegna loftgæða, erfitt er að fullyrða nokkuð um slíkt. Í skólanum er mjög þurr loft og sumum þykir það mjög óþægilegt. Fólk er misjafnlega næmt fyrir loftgæðum almennt. Ástæðan fyrir úttektinni var vissulega sú að fólk hafði kvartað undan loftgæðum. Umhverfis- og mannvirkjasvið bæjarins hefur sýnt því mikinn áhuga að hafa þessa hluti í lagi og bregðast við þar sem þarf.
 - b. Skólinn keypti líka nýjar ryksugur til að nota við þrif.
6. Nýtt starfsfólk
- a. Angantýr Ómar er starfsmaður félagsmiðstöðvar
 - b. Aron Birkir er stuðningsfulltrúi á miðstigi
 - c. Ekaterina er starfsmaður í frístund
 - d. Heike er nýr umsjónarkennari á miðstigi
 - e. Hildur er nýr kennari á miðstigi
 - f. Tinna Karen er nýr starfsmaður í frístund
7. Eftirlitsmyndavélar/eftirlit við skóla.
- a. Hér er ekki myndavélakerfi. Arney spyr hvort ekki þurfi að vera slíkt kerfi. Anna hefur kallað eftir þessu en þetta er ekki á fjárhagsáætlun. Anna telur þurfa þetta kerfi við skólann. Fólk á fundinum hefur heyrt af því að hér er verið að selja fíkniefni eða safnast saman þar sem ekkert eftirlit er til að drekka og reykja. Margir krakkar hér hafa áhyggjur af þessu. Anna hefur rætt þetta við lögreglu til að óska eftir auknu eftirliti í hverfinu og við skólann. Almenn umræða um vandann og viðbrögð við honum.
8. Önnur mál
- a. Fjóra sagði frá því að búið er að ræða við starfsfólk um það að gefa sig að ókunnugum sem koma í skólann og spyrja um erindi, fylgja svo viðkomandi á réttan stað.



Fundargerð

- b. Arney spurði eftir því hvað hægt er að gera við því ef börn fara út um neyðarútgang. Fjóla upplýsti að húsvörður er að athuga með vælur sem fara í gang ef neyðarútgangur er opnaður..

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sigurrós Karlsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmsdóttir fulltrúi kennara, Bára Árný Sigþórsdóttir fulltrúi starfsmanna, Arney Ingólfsdóttir fulltrúi foreldra, Jóna Kristín Guðmundsdóttir fulltrúi foreldra, Jósep Pétursson fulltrúi nemenda og Hekla María Kristjónudóttir fulltrúi nemenda.

Fundarritari: Rannveig Sigurðardóttir